

## Velferðarsvið Reykjavíkurborgar

Kristjana Gunnarsdóttir  
skrifstofustjóri ráðgjafarþjónustu

Reykjavík, 1. júlí 2018

### Hálfsársskýrsla stýrihóps um framkvæmd og skipulag PMTO í Reykjavík

Stýrihópurinn vinnur skv. erindisbréfi, dagsettu 4. janúar 2017, um framkvæmd og skipulag PMTO í Reykjavík. Hópurinn hefur fundað fimm sinnum frá áramótum og hópstjóri hefur fundað þrisvar sinnum með bakhópi.

#### 1) Fjöldatölur - PMTO úrræði fyrir foreldra:

Í töflunum hér að neðan sést fjöldi foreldra og tilgreindra barna með hegðunarvanda sem hafa notið þjónustunnar frá áramótum. Þar sem foreldrar nýta aðferðina yfirleitt líka á önnur börn á heimili er einnig getið um fjölda barna samtals á heimili, að tilgreinda barninu meðtöldu. Samtals hafa **120** foreldrar lokið/eru í lokafasa þjónustu þetta hálf árið. Fjöldi tilgreindra barna með hegðunarvanda er **83**. Ef systkini og önnur börn á heimili eru meðtalin er fjöldinn **174** börn.

#### Einstaklingsmeðferð:

Starfsstöð	Fjöldi foreldra	Fjöldi tilgreindra barna m/vanda	Samtals fjöldi barna á heimili
ÞÁG	2	2	3
ÞB	6	3	12
ÞGK	0	0	0
ÞLH	3	3	8
ÞVMH	3	2	4
BR – skrifstofa	6	4	6
BR – Greining og ráðgjöf heim*	6	4	9
<b>Samtals vor 2018</b>	<b>26</b>	<b>18</b>	<b>42</b>

\*Mánaberg (Vistheimili barna)

#### Hópmeðferð (PTC):

Starfsstöð	Fjöldi foreldra	Fjöldi tilgreindra barna m/vanda	Samtals fjöldi barna á heimili
ÞLH	14	8	20
Kvinnasmiðjan	11	11	19
<b>Samtals vor 2018</b>	<b>25</b>	<b>19</b>	<b>39</b>

**Foreldranámskeið:**

Starfsstöð	Fjöldi foreldra	Fjöldi tilgreindra barna m/vanda	Samtals fjöldi barna á heimili
ÞÁG	30	20	37
ÞB	11	8	17
ÞGK	14	9	22
ÞLH	0	0	0
ÞVMH	14	9	17
<b>Samtals vor 2018</b>	<b>69</b>	<b>46</b>	<b>93</b>

**2) Verkpættir í innleiðingafarli:*****Svæðisstjórn:***

Svæðisstjóri hefur haft umsjón með að kalla til stýrihóps- og bakhópsfunda. Viðkomandi hefur átt samstarf við meðferðaraðila, deildarstjóra þjónustumiðstöðva og barnaverndar og aðra stjórnendur innan sviðsins til að skapa aðstæður sem stuðla að því að innleiðing gangi vel fyrir sig. Svæðisstjóri hefur mætt á fundi með rekstarstjórum varðandi gerð verklags í kringum fjármagn úrræðisins. Viðkomandi hefur einnig átt samstarf við Miðstöð PMTO Foreldrafærni hjá Barnaverndarstofu, sem styður við innleiðingarferlið og sinnir einnig ákveðinni eftirlitskyldu. Svæðisstjóri hefur tryggt að allir meðferðaraðilar sæki tilskilda handleiðslu skv. kröfum Miðstöðvar. Einnig hefur viðkomandi mætt á tvo fundi í tveimur skólum borgarinnar sem hafa sýnt skólupætti PMTO áhuga (SMT). Svæðisstjóri hefur haldið utan um fésbókarsíðu PMTO hjá Reykjavíkurborg, þannig gögn fyrir þjónustumiðstöðvar og BR og reynt að stuðla að því að úrræðið verði sem aðgengilegast og þekkt meðal skjólstæðinga og starfsmanna VEL.

***Þjálfun handleiðara:***

Heiða Heiðberg Þorleifsdóttir félagsráðgjafi á ÞVMH lauk handleiðsluþjálfun í maí sl. og mun sinna handleiðslu f.o.m. hausti 2018 og er þetta góð viðbót. Borgin er þá með tvo handleiðara.

***PMTO grunnmenntun:***

Eitt grunnmenntunarnámskeið var haldið á vorönninni í samvinnu við SFS. Þátttakendur komu úr Vættaskóla, Fossvogsskóla, Háaleitisskóla, Foldaskóla, Rauðhól, Breiðholtsskóla, Norðlingaskóla, Mánabergi (Vistheimili barna) og skrifstofu SFS. Viðhorfsmat sem lagt var fyrir í lokin sýndi að mikil ánægja er með grunnmenntunina. Nýtt námskeið byrjar í september nk. og er biðlisti á námskeiðið.

***Menntun nýrra meðferðaraðila:***

Átta meðferðaraðilar útskrifuðust í júní sl. Meðferðaraðili frá Reykjavíkurborg fékk afhent verðlaun fyrir framúrskarandi árangur. Einn þessara átta, sem starfaði hjá BR, hefur því miður hætt störfum hjá borginni. Tveir aðilar úr upphaflegum nemahóp tóku hlé á nám sitt en eru nú þegar byrjaðir aftur í ferli og ráðgera að ljúka námi næsta vor. Fjöldi virkra meðferðaraðila hjá borginni er 17 í dag.

Í haust fara 10 aðilar í meðferðarnámið sem nú er á vegum Endurmenntunar HÍ í samstarfi við miðstöðina hjá Barnaverndarstofu. Aðilarnir koma frá eftirfarandi starfsstöðvum:

Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts (ÞÁG): 1 félagsráðgjafi

Þjónustumiðstöð Breiðholts (ÞB): 1 sálfræðingur

Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness (ÞGK): 1 félagsráðgjafi

Þjónustumiðstöð Laugardals/Háaleitis (PLH): 1 félagsráðgjafi og 1 sálfræðingur  
Þjónustumiðstöð Vesturgarðs/Miðborgar/Hlíða (ÞVMH): 4 sálfræðingar og 1 þroskaþjálfari. Í samráði milli ÞVMH og Barnaverndar Reykjavíkur (BR) munu tveir þessara sálfræðinga fara í stöðuhlutfall hjá BR að námi loknu.

Þar sem námsgjöld hafa hækkað í tengslum við að menntunin færðist til Endurmenntunar HÍ tók yfirstjórn ákvörðun sl. vor um að þjónustumiðstöðvarnar og BR hækki greiðsluþátttöku sína og greiði 485.000 fyrir 9 þessara nema. Einn aðili greiðir sjálfur fyrir allt námið þar sem ekki var í áætlun að mennta fleiri en níu, en viðkomandi ákvað að fara samt í námið og kosta það sjálfur.

#### **Handleiðsla:**

Meðferðaraðilar hafa mætt í hóphandleiðslu eins og ætlast er til skv. kröfum Miðstöðvar á Barnaverndarstofu. Handleiðslan hefur farið fram á vegum VEL og einnig verið keypt af verktökum.

#### **Skráning umsókna um PMTO í málaskrá:**

Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu velferðarsviðs eru umsóknareyðublöðin enn ekki komin í málaskrá og eru á bið. Allar þjónustumiðstöðvar eru með tengilið á sinni stöð sem heldur utan um biðlistann og tryggir að tilvísunarleiðir séu sem greiðastar.

#### **PMTO fyrir innan Barnaverndar og Kvennasmiðju:**

Hópmeðferð var kennd í fyrsta sinn í Kvennasmiðjunni og lauk um 80% hópsins meðferð. Stýrihópur kvennasmiðjunnar mun meta hvort þetta verði framkvæmt aftur á næsta ári. Í nóvember 2017 fór af stað úrræði hjá BR á vegum Mánabergs. Þetta er tilraunaverkefni til tveggja ára og var stofnaður eigin stýrihópur í tengslum við það sem Stefánía Sörheller verkefnastjóri stýrir. Miðað við stöðuna í dag, virðist úrræðið lofa góðu. Miðstöð PMTO-FORELDRAFÆRNI skoðar möguleika á rannsóknarúttekt á úrræðinu.


#### **3) Þróun/fjármögnun úrræðisins:**

Útfærsla á millifærslu/tilfærslu fjármagns til þjónustumiðstöðva hefur ekki verið nógu skýr. Til að bæta úr þessu stendur yfir vinna sem rekstrarstjóri á skrifstofu VEL kemur að ásamt rekstarstjóra ÞÁG og svæðisstjóra. Vinnan miðar að því að útbúa verklag sem geri hluti skýrari fyrir rekstarstjórana og stjórnendur þjónustumiðstöðva og Barnaverndar. Ráðgert er að verklagið verið tilbúið í ágúst nk.


#### **4) Notendasamráð við foreldra:**

Þegar foreldrar hafa lokið þátttöku í PMTO úrræði fylla þeir út viðhorfsmat. Svör úr slíku mati að loknum foreldranámskeiðum fjögurra þjónustumiðstöðva má sjá hér að neðan. Greinilegt er að meginþorri foreldra nýtir sér námskeiðið, telur það hafa verið hjálplegt, jákvæðar breytingar hafa orðið í fari barnsins, meðferðaraðilar eru metnir opnir og umhyggjusamir og stærstur hluti foreldra telur frekar líklegt/mjög líklegt að þeir muni mæla með PMTO við aðra.


### Hefur PMTO foreldranámskeið komið að gagni ?






### Hversu gagnlegir finnst þér eftirfarandi þættir



### Hefur þú fundið jákvæðar breytingar í fari barnsins eftir að PMTO hófst ?







Foreldrum er einnig boðið að fylla út í opinn reit. Þar skrifa foreldrar m.a.: „Hafa námskeiðið styttra“. „Takk fyrir skemmtilegt og frábært námskeið, þið eruð frábærar“. „Gott að hafa möppuna til stuðnings“. „Hafa námskeiðið 2 x í viku“. „Búið að vera mjög flott og gagnlegt“. „Gott að vita að hægt sé að hafa samband við leiðbeinanda“. „Námskeiðið var mjög gagnlegt með öllu og mjög árangursríkt“. Svæðisstjóri mun safna inn niðurstöðum viðhorfslista á næstu mánuðum að lokinni einstaklingsmeðferð, hópmeðferð og foreldranámskeiðum.

F.h. stýrihóps,

Með sumarkveðju

Arndís Þorsteinsdóttir  
Svæðisstjóri PMTO hjá Reykjavíkurborg